

Umbótaáætlun 2014-2015

1. Fylgja þarf eftir átakinu um heilsueflandi framhaldsskóla. Veturinn 2014-2015 snýr að lífsstíl, fá nokkra fyrirlesara yfir skólaárið.
2. Halda áfram að þróa námskrána. Innleiða grunnþættina og klára að skipuleggja námsbrautir með það að markmiði að viðhalda fjölbreyttu námsvali nemenda, auka námsframboð í sköpun og tæknigreinum.
3. Lögð verði áhersla á mætingar og ástundun. Starfsmenn skólans sýni aðhald og fylgi nemendum eftir. Vægi ástundunar verði enn mikilvægur þáttur í námsmati. Markmiðið er að bæta námsárangur og að brotthvarf haldist áfram lítið.
4. Bæta umgengni, snyrtimennsku og ásýnd skólans. Allir hvattir til að ganga vel um skólann og sýna gott fordæmi í umgengni. Áhersla verði lögð á umhverfismennt.
5. Halda áfram að bæta kennsluhætti, skoða árangur leiðsagnarmats og skerpa skilning á fræðunum.
6. Kynningarefni skólans, m.a. heimasíðan verði endurnýjað.